

Hver á að móta góða reikningskilavenju

Ástæðan fyrir því að ESB telur sig skylt að setja fram staðalaða reglugerð um reikningskilavenjur fyrirtækja er sú að samanburður milli fyrirtækja innan efnahagssvæðisins þarf að vera réttmætur. Það sem er í einu landi hagnaður getur kallast tap í öðru. Ástæðan fyrir þessu er sú að hefðir og lagasetningar í reikningskilum eru mismunandi.

Ein af forsendum hefðbundinna reikningskilavenja er forsendan um stöðugleika gjaldmiðils (Monetary Unit Assumption). Forsendu þessari hefur verið hafnað við gerð reikningsskila á Íslandi. Afleiðing þess er sú að:

Kostnaðarverð fastafjármuna er árlega framreiknað

Reiknuð eru áhrif verðbólgu á kostnaðarverð seldra vara

Reiknuð eru áhrif verðbólgu á peningalegar eignir og skuldir

Oft er deilt um hvað verðbólgan þarf að vera mikil til þess að verðbólgu-reikningskil séu nauðsynleg. Þetta getur verið mismunandi eftir atvinnugreinum.

Fyrimæli laga

Samkvæmt lögum skal ársreikningur gerður samkvæmt góðri reikningskilavenju. Ekki er þó sagt hvernig slík venja á að mótast og hver á að hafa vald til þess að segja fyrir í þeim efnunum. Einnig er það ókostur að nokkur atriði í hlutfjárlögum virðast stangast á við góða reikningskilavenju:

Bókfært verð / raunvirði

Lögin leyfa að hækka bókfært verð fastafjármuna ef raunvirði (?) þeirra er verulega hærra en bókfært verð. Í raun eru leikreglur sú að fastafjármunir séu skráðir við upphaflegu eða framreiknuðu kostnaðarverði.

Niðurfærsla varanlegra fjármuna á endurmat

Samkvæmt lögum (97 gr.) er heimilt að færa niður varanlega fjármuni á kostnað endurmatsreikninginn. Ef eignir eru þegar skráðar við framreiknuðu kostnaðarverði er það ósamkvæmt GAAP að skrá ekki slíka niðurfærslu á rekstrarreikning.

Gengismunur og verðbætur til eignar

Samkvæmt lögum (98 gr.) er heimilt að færa gengismun og verðbætur á langtímlán til eignar og afskrifa innan lánstímans. Samkv. GAAP skal færa verðbætur og gengismun til gjalda í rekstrarreikningi í því skyni að draga fram raunvexti af langtímalánum.

Viðskiptahættir breytast ört og geta kallað á nýjar lausnir til frásagnar um afkomu og efnahag fyrirtækja. Af þeim sökum og ofangreindum göllum stingur Stefán Svavarsson upp á því að fækka beinum fyrimælum um ársreikningagerð í lögum ..

Í lögum er góð reikningsskilavenja hvergi skilgreind. Oft heyrir þó sú skilgreining að hún sé sú venja sem hæfir og samvisskusair kunnáttumenn beita á hverjum tíma. Þessi skilgreining segir í raun ekki neitt. Því opnast sú spurning hverjir eigi að sjá um nákvæma útfærslu á þessari skilgreiningu.

Reikningsskilanefnd

Stofnuð 1976. Tilgangur var að stada fyrir útgáfu leiðbeinandi reglna um gerð reikninsskila fyrirtækja. Þessi nefnd hefur þó aldrei óskað eftir því að fá samþykktar leiðbeinandi reglur heldur gefið út álitserðir um tiltekin álitafni. Ástæður fyrir þessu er óljóst valdsvið og óljóst umboð til tilskipana.

Ýmsir aðilar hafa látið í sér heyra um efni reikningsskila, t.d. banka (og bankaeftirlit), tryggingarfélög (og tryggingaefirlitið) og loks sveitarfélög. Þetta starfs hefur eflaust verið af hinu góða, en vegna sérhagsmuna hvers aðila eru skoðanir mismunandi milli aðila.

Tillögur

Tillaga Stefáns er sú að Félagi löggiltra endurskoðeda verði falið að skilgreina hugtakið góð reikningsskilavenja með því að setja reglur um hvers konar árskýrslugerð. Eftirfarandi atriði benda til þess:

Lagalegur grundvöllur

Reglur settar um reikningsskil fyrirtækja verða að fá lagalegan grundvöll til þess að farið sé eftir þeim.

Minnka ósamræmi

Þegar sérstakar atvinnugreinar eru frnar að setja sínar eigin reglur er hætta á ósamræmi milli atvinnuvega.

Hagsmunahópar

Mikilvægt er að lát sem flesta hagsmunahópa hafa beina eða óbeina aðild að reglusmíði. Þetta er einfaldara en ella með umboðsveitingu til félags löggildra endurskoðenda

Um þróun íslenskra verðbólgu-reikningsskila

Á áttunda áratugnum (70-80) var meðalverðbólga 40 % á ári og negatívir raunvextir. Fyrir 1979 voru þó til nokkrar leiðréttingar vegna verðbólgu:

Einskiptingsendumat

Einu sinni á c.a. 10 árum er fyrirtækjum heimilt að endurmeta eignarverðmæti og uppfæra afskriftir

Söluhagnaður rekstrarfjármuna skattfrjáls

Verðstuðulsfyrningar

Gengismunur eignfærður

Á áratugnum 1970-80 voru fyrirtæki annaðhvort stórlega ofsköttuð eða stórlega vansköttum, allt eftir því hvernig eigna/skuldastaðan var. Rekstrarreikningar þóttu marklausir.

Áhrif verðbólgu í rekstrarreikningi

Vanmat VSK

Vanmat afskrifa

Söluhagnaður eigna oftalinn

Áhrif á peningalega liði

Áhrif verðbólgu á efnahagsreikning

Vanmat birgða

Vanmat varalegra rekstrarfjármuna

Eignarfjárliðir brenglast

Verðbólgu-reikningsskil (Inflation Accounts)

Hér er aðalega verið að tala um tvennskonar leiðréttingar eru:

Staðverð

Allar tekjur og öll gjöld færð á sama verðlagi oft á verðlag þess mánaðar sem ársreikningur er ritaður. Þetta verður til þess að lagðar verða saman sambærilegar tölur, þ.e. upphæðir við sama kaupmátt.

Gangverð

Allar eignir færðar á markaðsvirði

Reglur skattalaga um endurmat og vbr.færslu

Endurmat eigna (26 gr.)

Árlega skal endurmeta varanlega rekstrarfjármuni. Til ársloka 1990 var miðað við breytingar á meðalbyggingarvísitölu milli ára. Frá og með 91 hefur verðstuðull hinsvegr miðast við verðbreytingar á viðkomandi uppgjörsári, þ.e. frá janúar til janúar. Fyrsta árið áttu fyrirtæki kost á því að endurmeta afturvirkir kostnaðarverð fjármuna sinna með verðstuðlum.

Ekkert endurmat á kaupári, full afskrift

Varanlegir rekstrarfjármunir eru ekki endurmetnir á kaupári en af þeim er reiknuð full afskrift og gildir þá einu hvenær innan ársins viðkomandi fjármunir voru keyptir.

Kostnaðarverð og samsöfnuð afskrift endurmetin á næsta ári

Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir á næsta ári á eftir kaupári og síðan árlega eftir það, bæði kostnaðarverð og samsöfnuð afskrift, með verðstyðli hvers árs.

90% reglan

Varanlega rekstrarfjármuni má ekki afskrifa umfram 90% af kostnaðarverði á meðan þeir eru enn í notkun

Endurmat, engin afskrift á söluári

Á söluári skal reikna endurmat en enga afskrift o gildir þá einu hvenær innan ársins viðkomandi fjármunir voru seldir.

Verðbreytingarfærsla

Vbr. færslu skal reikna árlega af mismun peningalegra eigna og skulda í lok ársins á undan. Líkt og með endurmat var miðað við meðaltalsverðbreytingar til ársloka 1990 en verðbreytingar innan árs síðan þá. Verðbreytingafærsla miðast við stöðu eigna og skula í árslok reikningsárs.

Ef peningalegar eignir eru hærri en skuldir reiknast verðbreytingagjöld af mismuninum. Séu peningalegar eignir lægri en skuldir reiknast verðbreytingatekjur af mismuninum. Verðbreytingafærslan er færð í rekstrarreikning og mótbókuð á endurmatsreikninginn. Tilgangur verðbreytingarfærslunar er að:

Eyða endurmati verð- og gengistryggðra peningalegra eigna

Eyða endurmati verð- og gengistryggðra skulda

Eyða verðbólguþætti vaxtaberandi peningalegra eigna (óverðtr.)

Eyða verðbólguþætti vaxtaberandi skulda (óverðtr)

Viðurkenna hagnað af því að skulda (óverðtr) í verðbólgu

Viðurkenna tap af því að eiga óverðtr.pen. eignir í verðbólgu

Verðleiðréttta kostnaðarverð seldra vara

Verðbreytingarfærslunni tekst vel verk sitt ef verðbreytingar innan árs eru svipaðar og á milli ára. Peningaleg staða í lok árs verður einnig að vera dæmigerð fyrir allt árið á eftir. Eigi þessar forsendur ekki við verður verðbreytingarfærslan röng.

Peningalegar eignir

Handbært fé, viðskiptavíxlar, viðskiptakröfur, birgðir, fyrirfr.gr.kostnaður, skuldabréf, aðrar útistandandi kröfur, helmingur af matsverði bústofns.

Kröfur á forráðamenn fyrirtækja teljast ekki til eignar nema þær beri hæfilega vexti.

Óinnheimt (eignfærð) hlutafjálóforð teljast ekki til eignar

Skuldir eigenda einkafyrirtækja og sameignarfélaga teljast ekki tli eignar

Frá dregst skattaleg niðurfærsla viðkiptakrafna

Skuldir

Til skulda reiknast allar skuldir nema áætlaður tekju- og eignarskattur. Þá teljast inneignir eigenda einkafyrirtækja og sameignarfélaga ekki til skulda og ekki heldur skuldir við forráðamen fyrirtækja ef skuldirnar bera ekki hæfilega vexti.

Ársreikningalögin

Ársreikningskafla hlutafélagalaganna var felldur út og búin voru til sjálfstæð lög um ársreikninga. Þessi lög ná ekki til einkafyrirtækja, þau fara eftir bókhaldslögum. Gera má þó ráð fyrir að ársreikningslögin muni hafa áhrif á framsetningu og vinnslu annara aðila.

Ábyrgð

Ábyrgð á ársreikningnum er allfarið á stjórn fyrirtækis. Ábyrgð endurskoðanda takmarkast við umsögn ársreikningsins. Hann vottar að fyrirmælum laga hafi verið sinnt, og svo góðri reikningsskilavenju, þegar lögin ná ekki til.

Ársreikningar skilgreindir

Ársreikningur tekur til efnahagsreiknings, rekstrarreiknings og fjárstreymisyfirlit (skýrir breytingar á hreinu veltufé)

Samstæðureikningsskil

Lítið kennt. Ef eitt fyrirtæki á meirihluta hlutabréfa í öðru félagi þá ber 03+móðurfyrirtækinu að semja auk ársreiknings: samstæðureikning sem lýsir heildarrekstri allra rekstrareignina.

GAAP

Meginregla er sú að góð reikningsskilavenja tekur við þegar lögunum sleppir. Einnig er ákvæði um að ársreikningurinn sýni glögga mynd af rekstri fyrirtækisins. Ef að ársreikninguri sem fer að fullu eftir lögum og GAAP sýnir ekki nægjanlega glögga mynd ber fyrirtækinu að bæta við upplýsingum sem leiðrétta þetta. Glögg mynd þýðir að hægt sé að taka ákvarðanir út frá ársreikningum.

Form rekstrar- og efnahagsreiknings

Stilla á upp rekstrar- og efnahagsreikningi. Ráðherra setur reglur um uppsetningu reikninganna. Form sem kveðið er á um í tilskipun þykir nokkuð undarlegur.

Gjaldmiðill

Í 10 gr. segir að reikningar skuli vera í íslenskum krónum. Ef getið er upplýsinga í annarri mynt skal miða gengi á reikningsskiladegi.

Takmarkanir

Óheimilt er að jafna saman eignum/skuldum og tekjum/gjöldum. Sýna ber brúttó fjárhæðir.

Minnisatriði um gerð ársreikninga

Handbært fé

Skilgreining

Seðlar, mynt, innistæður á hlaupareikningum, tékkareikningum, sparisjóðsbókum (óbundnum) og gjaldeyrisreikningum. Stundum einnig ávísanir dagsettar fram í tímann.

Bundnir reikningar v/lána

Bankareikninga sem eru bundnir til lánstrygginga skal taka sérstaklega fram. Innistæður eru þó teknar fram meðal veltufjármuna svo fremur sem bindingin sé ekki til lengri tíma en eins árs.

Yfirdráttur

Sýna ber yfirdrátt meðal skammtímaskulda. Erlendis gildir þó að jafna skuldir móti eignum hjá banka og jafna yfirdrætti á móti eignum í banka svo ekki sé hægt að hafa áhrif á veltufjárhlutfall.

Verðbætur og gengi

Verðbætur á bankareikningum miðast við verðlag í Des en vísitölu í næsta jan. Gengisbundnar innistæður skal miða við kaupgengi í árslok. Vextir skulu færðir til eignar. Ekki tíðkast að færa áfallna vexti til tekna og eigna.

Afstemming

Nauðsynlegt er að stemma bankareikninga reglulega og draga fram t.d.: óframkomnar ávísanir, óframkomin innlegg, ófærða vexti, skekkjur í bókhaldi o.s.fr.

Viðskiptakröfur og víxlar

Skilgreining

Viðskiptakröfur verða til þegar viðskiptum hefur verið komið á milli seljanda og kaupanda. Krafan verður til þegar afhending vöru/þjónustu hefur átt sér stað.

Sundurgreining

Skýran greinarmun verður að gera á viðskiptakröfum og öðrum kröfum í framsetningu veltufjármuna. Aðrar kröfur eru t.d.: lán til starfsmanna, útistandandi arður o.s.fr. Af slíkum kröfum er ekki heimilt að taka 5% niðurfærslu samkvæmt ákvæðum skattalaga. Ath: Fyrirtæki taka niðurfellingu af áföllnum vöxtum.

Afskrift viðskiptakrafna

Í ársreikningi skal færa viðskiptakröfur við þeirri fjárhæð sem ætla má að fyrir þær fáiist. Venja er því að færa afskriftareikning viðskiptakrafna þó skattalög samþykki ekki færslu nema kröfur séu **sannarlega tapaðar**.

Raunverulega afskrifaðar **kröfur** eru færðar:

deb afskriftareikn og kred viðskiptakröfur.

Tillag í afskriftareikning er fært:

Deb kostnaður og kred afskriftarreikning

Innheimt afskrifuð krafa

Innheimtist krafa sem búið er að afskrifa er hægt að:

Færa öfuga afskriftarfærsluna (bakfæra) og innborgun færð venjulega

Innheimta andvirði og setja beint kredit á afskriftarreikning.

Krítarkortakröfur

Eðlilegt þykir að meta krítarkortakröfur við nettófjárhæð (þ.e. eftir þóknun krítarkortafyrirtækisins) þannig að krafa sé færð við væntu söluverði.

Langtímakröfur núvirtar

Allar kröfur sem eru til lengri tíma en eins árs ber að færa áætlað innheimtustreymi til núvirðis miðað við markaðsverti á reikninsskiladegi.

Sala viðskiptakrafna

Ef fyrirtæki selur viðskiptakröfur ber að færa söluhagnað eða tap. Ef kaupandinn á endurkröfurétt á seljanda skal við tiltekin skilyrði líta á viðskiptin sem sölu, annars sem lán.

Nettun vaxtagjalda og vaxtatekna

Þegar víxlar eru seldir í banka falla á þá ákveðnir forvextir. Þessir forvextir eru að einhverju leiti komnir frá kaupenda í hærri víxilupphæð. Má netta þetta saman? Formlega nei, fræðilega já!

Verklokaaðferð

Aðferð fyrir aðila sem slja þjónustu, sem felur í sér að tekjur séu ekki færðar en við verklok.

Áfangaaðferð

Aðferð við tekjuskráningu sem miðast við að tekjur séu færðar í áföngum eftir því sem viðkomandi verkefni miðar áfram.

Viðskiptasamkomulag (2/10, n/30)

Fyrri liðurinn segir til um prósentu-afslátt/innan-daga. Síðari liðurinn segir til um tímamörk sem kaupandi hefur til að greiða reikning áður en hann verður innheimtur. 2/10,n/30 þýðir að kaupandi fái 2% afslátt ef hann greiðir innan

Rekstrarreikningsaðferð

Aðferð sem miðast við að finna eðlilegt samband á milli tapaðra krafna og sölu. Aðrar aðferðir eru t.d. að flokka kröfut eftir aldri o.fl.

Lokaður sjóður (Petty Cash)

Fyrirkomulag til þess að greiða smáreikninga. Miðað við að sjóður dugi fyrir gjöldum í viku. Myndun sjóðs: debet lok. sjóður , cred handb.fé. Fylling sjóðs: deb kostn, cred handb. fé.

Birgðir

Skilgreining

Birgðir eru eignir sem geymdar eru til sölu í reglulegri starfsemi fyrirtækis eða sem ætlunin er að nota við framleiðslu. Eignir sem venjulega eru ekki seldar, svo sem varanlegir rekstrarfjármunir eru þannig ekki skilgreindar sem birgðir. Birgðir geta verið staddar hvar sem er svo lengi sem eigandi hefur eignarétt þeirra.

Birgðarbókhald

Birgðir skráðar á kostnaðarverði eða dagverði(markaðsverði), hvort sem lægra reynist. Hér á landi má skrá birgðir við framreiknuðu kostnaðarverði. Birgðir má ekki meta við söluverði nema í þeim tilvikum að engin óvissa er talin vera um sölu viðkomandi vara. Ekki má endurmeta birgðir enda teljast þær til peningalega liða við verðbreytingarfærslu.

Kostnaðarverð

Meginreglan er sú að til kostnaðarverðs teljist allur áfallinn kostnaður á reikningsskiladegi. Hér á landi er notað FIFO við mat á kostnaðarverði seldra vara. Lagalega séð má nota meðaltalskaupverð en vafaatriði er hvort LIFO geti átt við.

Erlend vörukaup / gengisfærslur

Oft er spurning á hvaða gengi færa eigi vörukaup erlendis frá. Þrjár gengisdagsetningar koma til greina:

Gengi á vörukaupsdegi

Færa verður gengistap/hagnað á rekstur fram að greiðsludegi (eða reikningsskiladegi) en ekki til hækkunar/lækkunar kostnaðarverðs

Gengi á reikningsskiladegi eða greiðsludegi

Gengistap/hagnaður færður til hækkunar/lækkunar kostnaðarverðs

Birgðarbókhald

Sum fyrirtæki halda sérstakt birgðarbókhald yfir birgðir. Í birgðarbókhaldi eru færslur á kostnaðarverð seldra vara gerðar á sama tíma og sala fer fram.

Framsetning í ársreikningi

Sundurliða skal birgðir eftir því sem tilefni gefst til. Einnig skal upplýsa um þá birgðaaðferð sem beitt er. Einnig er góð venja að tilkynna hvaða vörur séu metnar á markaðsverði og hvaða vörur á kostnaðarverði

Varanlegir fastafjármunir

Skilgreining

Land(lóðir), fasteignir, vélar/tæki, áhöld, innréttingar og bifreiðar, svo að helstu fastafjármunir séu upp taldir. Allir slíkir fjármunir eiga það sameiginlegt að þeir hafa verið keyptir (eða byggðir) til að nota í rekstri en ekki til endursölu. Þeir hafa einnig verið keyptir með langtímaeignarhald í huga. Þeir eru yfirleitt allir áþreifanlegir og rýrna í verði

Bókfærsla

Færa skal varanlega fastafjármuni á kostnaðarverði (hér á landi á framreiknuðu ksv). Til kostnaðarverðs telst allur sá kostnaður sem leggja þarf í til þess að koma þeim í það ástand og á þann stað sem þeir eru notaðir. Ef markaðsverð er lægra en kostnaðarverð ber að færa eignir niður í markaðsverð. Heimilt er að vaxtakostnað vegna eignar á byggingatíma þeirra eigna sem nokkurn tíma tekur að koma í gagnið. Allir afslættir sem kaupandi fær skulu færðir til lækkunar á kaupverði en ekki sérstaklega til tekna. Hafi aðili gert samning um greiðslu kostnaðar á löngum tíma þá verður að færa kaupverðið m.v. núvirði þeirra greiðsluskuldbindinga sem hann hefur tekið á sig.

Marghluta-eignir

Þegar fasteign og lóð er keypt í einu lagi ber að skipta kaupverðinu í tvo hluta á grunvelli þess hlutfalls sem er á opinberu verði þessara eigna, þ.e. fasteignamati.

Makaskipti

Ef makaskipti eru höfð á eignum ber að færa til eignar á því verði sem áreiðanlegra þykir af þeim eignum sem skipt er á. Ekki er rétt að færa söluhagnað/tap nema milligreiðsla hafi átt sér stað.

Gjafir

Ef varanlegir rekstrarfjármunir fást að gjöf og engar hömlur eru á sölu þá kemur til greina að færa þá til eignar og á móti sem sjálfstæðan eiginfjárlið: gjafafjármagn.

Kostnaður

Kostnaður sem feluur til eftir að eign hefur verið tekin í notkun, kemur til greina að eignfæra ef: Útgjöldin lengja líftíma, gera eignir hæfari til tekjuöflunar eða auka gæði.

Útdráttur úr skattalögum

Stofnverð

Kostnaðarverð þeirra, þ.e. kaup- eða framleiðsluverð, ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignirnar fellur, en **að frádregnum** óendurkræfum styrkjum, afsláttum, eftirgjöfum skulda og skaðabótum sem til falla í sambandi við kaup þeirra, framleiðslu, breytingar eða endurbætur.

Fyrningargrunnur

Stofnverð eigna að teknu tilliti til verðbreytinga. Þegar stofnverð eigna hækkar eða lækkar skal breytingin færð til hækkunar eða lækkunar á fyrningargrunni. Fyrningargrunn skal hækka samkvæmt verðbreytingarstuðli hvers árs, jafnvel þótt notkun sé ekki hafin.

Fyrningartími

Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekna. Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur t.d. vegna sölu, nema söluverð eða annað andvirði sé lægra en eftirstöðvar fyrningaverðs. Er þá heimilt að gjaldfæra mismuninn.

Fyrning

Til viðbótar ofanefndri fyrningu er heimilt að fyrna eignir um fjárhæðp jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhafnaður færist til tekna.

Fyrning verðbótatekna

Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 40% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt verðbótafærslu (53). Þegar 60% af verðbreytingartekjum er hærri en fjármagnskostnaður (vaxtafjöld, afföll og gengistöp) er heimilt að fyrna þessar eignir um fjárhæð er nemur allt að þessum mun að viðbættum 6% af þeim stofni er tekjufærsla er reiknuð af.

Söluhagnaður

Mismunur á söluverði eignar og stofnverði að teknu tilliti til fenginna fyrninga, áður fengis söluhagnaðar og verðbreytinga.

Söluhagnaður af ófyrnanlegum eignum

Hagnaður af sölu ófyrnanlegra eigna **telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári**. Skattaðili getur arið fram á 2 ára frestun kaupri hann samskonar eign innan þess tíma og færist þá framreiknaður söluhagnaður til lækkunar á stofnverði hinnar nýju eignar.

Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum

Hagnaður telst mismunur á söluverði þeirra og kaupverði. Kaupverð er annaðhvort samanlagt nafnverð hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa sem hann hefur átt rétt á, eða upphaflegt kaupverð lækkað eða hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli. Kaupandi velur þá aðferð sem skilar hærri kaupverði.

Söluhagnaði dreift yfir nokkur ár

Ef hluti söluandvirðis eignar er greitt með skuldaviðurkenningum til þriggja ára eða lengri tíma er heimilt að telja það hlutfall af söluhagnaðinum sem svarar til hlutdeildar skuldaviðurkenninganna af heildarsöluverðmætinu til tekna hlutfallslega eftir afborgunartíma, þó ekki lengri tíma en 7 árum. Heimild þessi fellur niður ef skuldaviðurkenningar eru seldar.

Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri

Rekstrarkostnað

Þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þ.á.m. vexti afföll, gengistöp og fyrirningar.

Gjafir

Einstaka gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsmi, menningarmála, stjórnmalaflokka og vísindalegra rannsóknastarfa, þó ekki yfir 0.5% af tekjum

Niðurfelling viðskiptakrafna

Tap á útistandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum sem beint tengjast atvinnurekstrinum, á því tekjuári sem eignir þessar eru **sannarlega tapaðar**.

Skattaleg niðurfelling viðskiptakrafna

Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.

Sannarlega tapað hlutafé út frá viðskiptakröfum

Sannarlega tapað hlutafé sem aðili hefur eignast á þann hátt að hann hefur vegna greiðsluferfiðleika hlutafélags.

Eftirstöðvar rekstrartapa

Eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu fimm árum á undan tekjuári, framreiknaðar samkvæmt ákvæðum 26.gr (ríkisskstj. vbrst.) enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á tekjuári.

Arðgreiðslur

Arður allt að 10% af nafnverði hlutafjár er frádráttabær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

Veittur afsláttur af seldum vörum

Hvað telst ekki rekstrarkostnaður

Gjafir

nema um sé að ræða kaupauka (endurgjald fyrir vinnu) eða gjafir til líknarstofnana (0.5% af tekjum).

Fjársektir eða önnur viðurlög**Arður eða vextir af framlögðu fé manns til atvinnurekstrar****Kostnaður við rekstur fólksbifreiða framkvæmdastjóra**

Kostnaður vegna reksturs fólksbifreiða sem framkvæmdastjórum eða öðrum sambærilegum starfsmönnum hefur verið látið í té til eigin afnota.

Tekjur og gjöld vegna verðbreytinga

Árlega skal reikna tiltekin hundraðshluta af mismun eigna og skulda og færa þá fjárhæð til gjalda séu eignirnar hærri, en til tekna séu skuldinær hærri.

Eignir

Allar óverðtryggðar eignir, eignir sem ekki hækka í verði við almennar verðhækkningar. Eignir sem halda verðgildi sínu eða eignir sem má endurmeta eru ekki teknar með í útreikning þennan

Skuldir

Til skula teljast hvers konar skuldir, þó ekki hlutafé, stofnsjóðir, stofnfé, endurmatsreikningur svo og skuldir og inneignir hluthafa í hlutafélögum.

Eignarskattur**Fasteignir**

Allar fasteignir skal telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði. Sé fasteignamat ekki fyrir hendi skal eignin talin til eignar á stofnverði að frádregnum fyrningum og að teknu tilliti til verðbreytingu eða áætluðu fasteignamatsverði sambærilegra eigna, hvort sem er herra.

Lausafé

Allt lausafé, þ.m.t. skip og loftför telst til eignar á stofnverði af frádr. fyrningum og m.t.t. endurmats.

Birgðir

Vörubirgðir verslana og framleiðsluaðila, þ.á.m. rekstrarvörubirgðir skal telja til eignar á kostnaðar- eða framleiðsluverði eða dagverði í lok reikningsárs, að frádregnum afföllum á gölluðum og úreltum vörum

Hlutabréf

Hlutabréf skal telja til eignar á nafnvirði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess. Skuldabréf skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við janúar. Eigin hlutabréf teljast þó ekki tileignar.

Útistandandi kröfur

Kröfur skal telja til eignar á nafnvirði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól (m.v. vísitölu janúar) nema sannað sé að þær séu minna virði. Heimilt er að draga 5% frá útistandandi viðskiptakröfum og mynda mótreikning. Útistandandi viðskiptakröfur eru kröfur sem stofnuðust beint út frá rekstri fyrirtækisins.

Erlenda peninga

Erlendir peningar, innistæður og kröfur skulu taldar til eignar á kaupgengi í árslok.

Athugasemdir við færslugerð

Sjóðsstreymi - Óbein aðferð

Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé

- + Allir kostnaðarliðir sem ekki hreyfa handbært fé
- Allir tekjuliðir sem ekki hreyfa handbært fé

Fjárfestingahreyfingar

- Allar greiðslur vegna fjármunakaupa
- + Móttaka peninga v / sölu fjármuna

Fjármögnunarhreyfingar

- allar afborganir af lánnum
- + allar lántökur í sjóð
- arðgreiðslur

Sjóðsstreymi - Bein aðferð

Taka þarf saman **alla rekstrarliði sem hreyfa handbært fé**. Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar eru skráðar á sama hátt og með óbeinni aðferð.

Tekjuskattur

Bakfæra tekjur/gjöld vegna of-/**vanáætlaðs skatts**

Bakfæra **stjórnarkostnað** ef sá kostnaður er ekki beintengdur rekstri fyrirtækisins

Draga **flýtyfyriningar** frá skattstofni -> (aukaafskriftir)

Draga **söluhagnað** frá skattstofni -> (aukaafskriftir)

Draga **arðgreiðslu** frá skattstofni

Bakfæra allar **óvæntar afskriftir**

Eignarskattur

Fasteignamat kemur í stað bókfærðs verðs eigna

Undirbúningur lokauppgjörs

Þegar hefðbundnum færslum bókhalds er lokið skal framkvæma eftirfarandi skref:

Óskattlagt eigið fé

Skipta þarf upp óskattlögðu eigin fé í aukaafskriftir og niðurfærslu viðskiptakrafna

Endurmat

Endurmeta þarf: **Aukaafskriftir, Óráðstafað eigið fé**

Skattaleg niðurfærsla

Reikna þarf 5% skattalega niðurfærslu af viðskiptakröfum og víxlum og færa breytinguna á niðurfærslunni á **Skattalega niðurfærslu og Óráðstafað e.f.**

Lögbundinn varasjóður

Jafna skal lögbundinn varasjóð með endurmatsreikningi

Verðbreytingarfærsla

Verðbr. færsla skal færð á rekstrarreikning og á endurmat.

Taka saman hagnað af vinnublaði

Reikna tekjuskatt út frá hagnaði af vinnublaði

Reikna eignarskatt

Færa áætlaðan tekju- og eignarskatt

Credit á ógr. áætlaðan skatt og Debet á viðeigandi skattareikninga

Endurreikna hagnað m.t.t. skatta

Skrá sjóðsstreymi

Hér skal notaður hagnaður eftir skatta til útreiknings.

Rita rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Sjóðsstreymi

Að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem upp koma við færslugerð þarf að setja fram sérstakan lið sem kallaður er: **Breyting rekstartengdra eigna/skulda** en þar eru bakfærðar allar breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum milli ára.

Tekjuskattur

Fyrst skal tekið tillit til eftirfarandi athugasemda sem komið hafa fram við færslugerð:

Bakfæra tekjur/gjöld vegna of-/vanáætlaðs skatts

Bakfæra **stjórnarkostnað** ef sá kostnaður er ekki beintengdur rekstri fyrirtækisins

Draga **flýtifyrirningar** frá skattstofni -> (aukaafskriftir)

Draga **söluhagnað** frá skattstofni -> (aukaafskriftir)

Draga **arðgreiðslu** frá skattstofni

Bakfæra allar **óvæntar afskriftir**

loks skal:

Færa **breytingu á skattalegri niðurfærslu** viðskiptaskulda (aukning dregst frá)

Bakfæra breytingu á **afskriftareikningi viðskiptakrafna**

Draga frá endurmetið **yfirfæranlegt tap**

Eignarskattur

Endurmat

Óráðstafað e.f.

Lögbundinn varasjóður

+ **hagnaður samkv vinnublaði**

- **skattaleg niðurfærsla (aukning)**

- **aukaafskriftir alls**

- **bókfært verð eigna sem hafa fasteignamat**

+ **fasteignamat þeirra eigna**

- **óvæntar afskriftir sem ekki eru leyfðar í skattalögum**